

Efling náms í ferðapjónustu

Kortlagning á stöðu mála og greining á áskorunum



Ferðamálastefna og aðgerðir til 2030

Skil starfshópa E2 og E4

Starfshópur E.2

- Efling náms í ferðapjónustu þvert á skólastig og aukið aðgengi að námi

Starfshópur E.4

- Alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðapjónustu, með áherslu á sjálfbærni

Janúar 2026

Ábyrgð á samantekt
Gunnar Þór Jóhannesson
Haukur Harðarson

Efnisyfirlit

Samantekt	2
Inngangur.....	4
Verkefni starfshópa.....	6
Uppbygging skýrslu.....	7
Núverandi staða – yfirsýn og rýni	8
Ferðaþjónusta á Íslandi	8
Yfirsýn yfir formlegt nám sem tengist ferðaþjónustu.....	8
Námslok úr framhaldsskóla.....	10
Framhaldsfræðslukerfið.....	10
Núverandi framboð á námi sem tengist ferðaþjónustu.....	11
Rýni	13
Þróun og uppbygging náms.....	15
Framtíðarsýn um <i>uppbyggingu á ferðaþjónustutengdu námi</i>	18
Alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðaþjónustu, með áherslu á sjálfbærni – Aðgerð E4.....	19
Áætlun um eflingu náms og aðgerðir	26
Heimildir.....	29

Samantekt

Ferðamálastefna til 2030

Íslensk ferðapjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun á grunni jafnvægis á milli efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta. Rekin verði arðsöm og samkeppnishæf ferðapjónusta sem starfi í sátt við bæði land og þjóð. Ferðapjónustan stuðli að bættum lífskjörum og hagsæld á Íslandi og verði ein af grundvallarstoðum íslensks efnahagslífs.

Meginmarkmið ferðamálastefnu verði að tryggja framtíðarsýn ferðapjónustu til lengri tíma. Stutt verði við sjálfbærni í ferðapjónustu á öllum sviðum. Íslensk ferðapjónusta verði þekkt fyrir gæði og einstaka upplifun.

Ferðamálastefna – Þörf á markvissri uppbyggingu á námi

Ein af forsendum fyrir því að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í ferðamálastefnu er að til staðar sé framboð á námi og þjálfun í takt við þarfir atvinnugreinarinnar.

Framboð á námi í dag

Námsframboð á sviði ferðamála er brotkennt og hefur próast án heildarsýnar. Mjög takmarkað framboð er af ferðapjónustutengdu námi á fyrstu þrepum íslenska hæfnirammans (ISQF). Það er einna helst að finna innan framhaldsfræðslunnar en innan framhaldsskóla er það varla sýnilegt. Á móti er námsframboð á efri þrepum ISQF umtalsvert.

Þarfir atvinnugreinar - meginniðurstaða E2 og E4

Þörf er á framboði á viðurkenndu og hagnýtu starfsnámi í ferðapjónustu, sem fer fram á vinnustað og í skóla, hefur skýra tilvísun í störf og áherslu á þjónustu. Samhliða því er þörf fyrir þjónustutengt bóknám sem undirstöðu til frekara náms í ferðapjónustutengdum greinum.

Fjögur áhersluatriði úr vinnu hópa E2 og E4

- Að efla og auka aðgengi að námi þvert á skólastig
- Að stuðla að auknum tengslum og flæði milli náms á mismunandi þrepum
- Að efla fjölmenningsarvitund og inngildingu í menntakerfinu
- Að byggja upp alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri og nærandi ferðapjónustu

Hvað þarf til að það verði breytingar á námsframboði í takt við þarfir atvinnulífs? - E2 – E4

Eftir vinnu hópanna liggur fyrir framtíðarsýn um uppbyggingu á námi í ferðapjónustu og um uppbyggingu á námi í afþreyingarferðapjónustu.

Án aðkomu stjórnvalda er ólíklegt að sú framtíðarsýn sem lögð er til verði að veruleika. Mikilvægt er að takast jafnt á við kerfislæga þætti sem tengjast formgerð og núverandi regluverki menntakerfisins og efnislega þætti og atriði sem snúa að framkvæmd og rekstri námsleiða. Jafnframt þarf að tryggja stuðning og aðkomu atvinnulífs við uppbyggingu og varanleika námsframboðs á sviði ferðapjónustu. Ábyrgð á breytingum á námi eða upptöku nýs náms liggur í dag hjá einstökum fræðsluaðilum.

Alþjóðlegt nám í afþreyingarferðapjónustu – E4

Eftir vinnuna liggur fyrir tillaga að uppbyggingu á námi en sú tillaga nær ekki aðeins til alþjóðlegs hluta þess heldur einnig til aðfararnáms í afþreyingarferðapjónustu. Alþjóðlegt nám þróast ekki án undirstöðu á neðri þrepum. Töluverðir möguleikar felast þó í alþjóðlegu námi tengdu afþreyingarferðapjónustu vegna legu og sérstöðu Íslands. Tillagan þjónar einnig sem skapalón fyrir uppbyggingu á námi á öðrum sviðum ferðapjónustu, þar sem skýr leið er frá fyrstu þrepum til síðari þrepa ISQF.

Tillögur að aðgerðum

Mikilvægt er að ná samstöðu um heildarsýn um uppbyggingu á námi í ferðaþjónustu og hvernig á koma henni í framkvæmd. Þar með talið vilja og getu stjórnvalda, atvinnulífs og menntakerfa til að styðja við þá uppbyggingu.

Lagðar eru til eftirfarandi aðgerðir:

Þvert á starfsgrein	Ábyrgð	Kostnaður	Verklök
Kynna niðurstöður og aðgerðir	Hæfnisetur ferðaþjónustunnar Háskóli Íslands	0	Janúar 2026
Frá skýrslu í framkvæmd - Vinnuhópur <ul style="list-style-type: none"> – Hvað er vilji til að gera – Hvað á að gera – Kostnaður og fjármögnun – Hver á að framkvæma – Hvernig festum við nám í sessi Forsenda – aðkoma ráðuneyta MMR og ATRN	Hæfnisetur ferðaþjónustunnar í samstarfi við HÍ	7.500.000	Október 2026
Sértækar aðgerðir	Ábyrgð	Kostnaður	Verklök
Sértækar aðgerðir snúa að grunnvinnu fyrir þær aðgerðir sem lagðar eru til í skýrslu.			
Störf í afþreyingarferðaþjónustu – Yfirsýn Fyrir hvaða störf á að byggja upp nám eða aðra vottun sem tengist afþreyingarferðaþjónustu og hvernig á erlendri tengingu að vera háttáð.	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	3.500.000	Mars 2026
Ferðaþjónustubraut – stúdent Byggja upp ferðamálabraut sem valkost í námi til stúdentsprófs. Búa til dæmanámskrá með áherslu á þjónustu, tungumál og rekstur.	Unnið í samvinnu milli háskóla og framhaldsskóla. HÍ eða HH leiða. Auglýst eftir framhaldsskóla til samstarfs	2.500.000	Maí 2026
Starfnámsbrautir á þriðja þrepi Byggja ofan á brautir sem þegar eru staðfestar eða í staðfestingarferli á þrepi 2 Böð, lindir og lón - Móttaka ferðamanna	Semja við framhaldsskóla um skrif á námskrám í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	2.500.000	Maí 2026
Starfstengt örnám á háskólastigi Undirstaða til staðar, koma á framkvæmdastig	Samstarf HÍ og Hóla. Til áframhaldandi vinnu við verkefni sem hlotið hefur stuðning frá Samstarfssjóði háskóla	2.500.000	
Samtala		18.500.000	

Inngangur

Ferðamálastefna og aðgerðaáætlun til 2030 var samþykkt á Alþingi í júní 2024. Í kjölfarið voru skipaðir starfshópar til að vinna að framkvæmd aðgerða og er hér skýrt frá niðurstöðum tveggja hópa sem unnið hafa að aðgerðum *E.2 Efling náms í ferðaþjónustu þvert á skólastig og aukið aðgengi að námi* og *E.4 Alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðaþjónustu, með áherslu á sjálfbærni*. Markmið aðgerðanna eru eftirfarandi:

E.2 Markmið: Að námsframboð á sviði ferðamála og ferðaþjónustu verði markvisst og stuðlað verði að auknum tengslum og flæði milli náms á mismunandi stigum, með það að markmiði að auka aðgengi að námi, að sem flestum verði gert kleift að finna nám við hæfi, efla og styrkja mannauð innan ferðaþjónustunnar og ýta undir fjölmenningsvitund og inngildingu.

E.4 Markmið: Að Ísland verði framarlega í alþjóðlegu námi í afþreyingartengdri og nærandi ferðaþjónustu þar sem sjálfbærni-, öryggis- og gæðamál eru í forgrunni.

Starfshóparnir hófu störf í árslok 2024 og unnu sjálfstætt að hvorri aðgerð fyrir sig. Eftir grunnvinnu var ljóst að aðgerðirnar tvær skarast umtalsvert og því var ákveðið að hóparnir myndu vinna saman að kortlagningu á stöðu mála, greiningu á áskorunum og tillögum til þróunar og uppbyggingar náms. Þessi skýrsla er afrakstur þeirrar samvinnu.

Vinna hópanna byggir á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður við greiningu á þörf og sýn hagaðila ferðaþjónustunnar á námi á sviði ferðamála á undanförunum árum. Sérstaklega var horft til niðurstaðna skýrslunnar *Hæfni er grunnur að gæðum* sem unnin var upp úr víðtæku samtali hagaðila í ferðaþjónustu (Hæfnisetur ferðaþjónustunnar, 2019). Niðurstöður annarra þróunarverkefna sem unnið hefur verið að í samstarfi fræðsluaðila og á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Hæfniseturs ferðaþjónustunnar nýttust einnig sem grunnur að vinnu starfshópanna.¹

Niðurstöður skýrslunnar draga fram að kallað er eftir auknu framboði á viðurkenndu og hagnýtu þrepaskiptu starfsnámi sem fer fram á vinnustað og í skóla og á skýra tilvísun í störf og tengingar við frekara áframhaldandi nám. Hún byggir á þeirri sýn sem er ítrekuð í Ferðamálastefnu til 2030 að uppbygging hæfni og menntunar starfsfólks er grundvöllur að gæðum og sjálfbærri þróun ferðaþjónustu. Að mati starfshópanna styðja þær tillögur sem hér eru settar fram, við aðrar aðgerðir Ferðamálastefnu til 2030. Fjárfesting í þekkingarinnviðum greinarinnar auðveldar framkvæmd annarra aðgerða hvort sem þær snúa að eflingu gagnafærni (Aðgerð A3), bættu öryggi ferðamanna (Aðgerð E7) eða þróun sjálfbærrar og nærandi ferðaþjónustu (Aðgerð D4) svo nokkur dæmi séu tekin.

¹ Hér má nefna vinnu við hæfnigreiningar starfa í ferðaþjónustu og þróunarverkefni um nám á háskólastigi (Land- og ferðamálafræði Háskóla Íslands, 2019; Stjórnarráð Íslands, 2023)

Vinna starfshópanna miðaðist við fjögur áhersluatriði:

- Að efla og auka aðgengi að námi þvert á skólastig
 - Aðgengi vísar hér til kerfislægra og efnislegra þátta. Kerfislegir þættir eru t.d. hvort nám sé kennt í fjarnámi eða staðnámi, hvar er það í boði, hvort gert sé ráð fyrir að taka það með vinnu, hvaða aðgangskröfur eru að því og hvernig er námslokum háttað. Efnislegir þættir vísa til innihalds og hæfnipátta.
- Að stuðla að auknum tengslum og flæði milli náms á mismunandi stigum
 - Hér undir er rýni á hvort og hvernig mismunandi námsleiðir tengjast, hvort og hvernig nemendur geti byggt upp námsferil sinn og staflað upp hæfni en lendi ekki í blindgötu.
- Að efla fjölmenningsvitund og inngildingu í menntakerfinu
 - Þetta vísar jafnt inn á við og út á við. Menntakerfið þarf að vera í stakk búíð til að taka á móti og veita fjölbreyttum hópi nemenda nám. Ferðapjónusta er alþjóðlegur geiri en um það bil 45% af fólki sem starfar í ferðapjónustu hefur íslensku ekki að móðurmáli. Ef horft er út á við þá er ljóst að fjölmenningsvitund og menningarlæsi tengjast mikilvægum hæfnipáttum í mörgum störfum innan ferðapjónustu.
- Að byggja upp alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri og nærandi ferðapjónustu
 - Hér undir er rýni á hvaða undirstöður þarf til að byggja upp alþjóðlegt nám í afþreyingarferðapjónustu, auk þess hvernig væri æskilegt að uppbygging yrði miðað við þarfir vinnumarkaðar.

Verkefni starfshópa

Starfshópur - Aðgerð E.2:

Hópurinn fundaði fimm sinnum á tímabilinu frá febrúar til desember 2025. Í upphafi var mótuð verk- og tímaáætlun sem samþykkt var af starfshópi þar sem skilgreindir voru m.a. helstu verkhlutar, verkþættir, tímalína og áherslur verkefnisins. Fyrsti verkhluti fólst í undirbúningi og framkvæmd á afmörkun verkefnisins, gagnaöflun, kortlagningu og rýni á erlendum fyrirmyndum á skipulagi náms í ferðaþjónustu þvert á skólástig. Aðrir verkhlutar fólu í sér greiningu upplýsinga og gagna, mótun og forgangsröðun tillagna í aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu.

Starfshópurinn skipaðu:

- Gunnar Þór Jóhannesson, Háskóli Íslands, formaður starfshóps
- Nanna Kristjana Traustadóttir, mennta- og barnamálaráðuneyti
- Finnboგი Sveinbjörnsson, Alþýðusamband Íslands
- Ingibjörg Sigurðardóttir, Háskólinn á Hólum
- Haukur Harðarson, Hæfnisetur ferðaþjónustunnar
- Íris Ragnarsdóttir Pedersen, Félag fjallaleiðsögumanna á Íslandi
- Áslaug Briem, Ferðamálastofa
- Birgir Guðmundsson, Hilton Reykjavík Nordica
- Sunna Þórðardóttir, atvinnuvegaráðuneyti

Með starfshópnum starfaði Anna Katrín Einarsdóttir, ráðgjafi.

Hópurinn fékk kynningu frá eftirfarandi aðilum:

Staða og formgerð náms í fjalla- og ævintýraleiðsögn

- Árni Stefán Haldorsen, leiðbeinandi hjá Félagi íslenskra fjallaleiðsögumanna og Landsbjörgu og kennari við FAS

Snjóflóðasamtökin – Sýn og þróun náms

- Erla Guðný Helgadóttir frá Veðurstofu Íslands og Snjóflóðasamtökum Íslands

Starfshópur - Aðgerð E.4:

Á tímabilinu janúar til júní fundaði hópurinn fimm sinnum. Í upphafi var gerð verk- og tímaáætlun þar sem helstu verkþættir og tímalínur voru skilgreindar. Í ferlinu var byrjað á að afla gagna um núverandi námsframboð á sviðinu hérlendis. Einnig var gerð samantekt á sambærilegu námi í nágrennalöndum og löndum sem bjóða upp á svipaðar tegundir afþreyingar. Í framhaldi af því var teiknuð gróf heildarmynd af mögulegri uppbyggingu náms sem kynnt var á opnum fundi með fyrirtækjum í

afþreyingarferðaþjónustu og afþreyingarnefnd Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Sú heildarmynd var svo unnin frekar í framhaldinu.

Starfshópin skipuðu:

- Haukur Harðarson, Hæfnisetur ferðaþjónustunnar, formaður starfshóps
- Hildur Guðbjörg Kristjánsdóttir, eigandi Midgard Adventure
- Íris Ragnarsdóttir Pedersen, Félag fjallaleiðsögumanna á Íslandi
- Nanna Kristjana Traustadóttir, mennta- og barnamálaráðuneyti
- Með starfshópnum starfaði Sunna Þórðardóttir, atvinnuvegaráðuneyti og Sólveig Nikulásdóttir sérfræðingur hjá Hæfnisetrunu.

Sameiginlegur vinnufundur starfshópa E.2 og E.4 var haldinn þann 2. júní 2025. Verkefnahópur var stofnaður í framhaldi skipaður fimm aðilum (formönnum starfshópa, fulltrúa atvinnuvegaráðuneytis, aðila frá Hæfnisetri ferðaþjónustunnar auk ráðgjafa) sem vann að framvindu og samþættingu aðgerðanna. Hópurinn fundaði vikulega á fyrstu stigum við undirbúning en reglulega eftir þörfum síðar á tímabilinu.

Annar sameiginlegur vinnufundur starfshópa var haldinn 4. nóvember í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Markmið fundanna var að ræða sameiginlega heildarsýn starfshópa um eflingu náms í ferðaþjónustu á Íslandi og aðgerðir til að tryggja aðgengi að viðeigandi alþjóðlegu námi og hæfniuppbyggingu greinarinnar til framtíðar. Afurðir fundanna nýttust við mótun og úrvinnslu tillagna starfshópanna.

Uppbygging skýrslu

Uppbygging skýrslunnar er eftirfarandi. Í upphafi er gerð grein fyrir núverandi stöðu þegar kemur að framboði á námi í ferðamálatengdum greinum og helstu áskoranir og hindranir fyrir uppbyggingu náms greindar með tilliti til tengsla milli mismunandi stiga, aðgengis og inngildingar. Í öðrum hluta er sett fram sýn um áframhaldandi þróun náms á sviði ferðamála. Í þriðja lagi er sérstaklega fjallað um alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri og nærandi ferðaþjónustu og tillögur settar fram um uppbyggingu og fyrirkomulag þess. Fyrir utan að hér er um sérstaka aðgerð í Ferðamálaáætlun til 2030 að ræða dregur þessi umfjöllun enn frekar fram kerfislæg vandkvæði við uppbyggingu á námi og í samspili ólíkra skólastiga ásamt því að lýsa mögulegum lausnum. Í fjórða lagi er sett fram áætlun um þróun og eflingu náms sem grundvallast á þremur megin þáttum sem snúa að því að stuðla að auknum tengslum og flæði milli mismunandi námsstiga, að auka aðgengi að námi þvert á skólastig og að efla fjölmenningsarvitund og inngildingun.

Núverandi staða – yfirsýn og rýni

Ferðapjónusta á Íslandi

Ferðapjónusta hefur á skömmum tíma orðið ein af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar. Árið 2024 stóð hún fyrir 8,7% af vergri þjóðarframleiðslu sem er með því hæsta sem þekkist í OECD löndunum og skilaði rúmum 30% af útflutningstekjum landsins (Hagstofa Íslands, 2025; Samtök ferðapjónustunnar, 2025; OECD, 2024). Á tólf mánaða tímabili frá maí 2024 til apríl 2025 störfuðu að jafnaði um 31.407 manns í einkennandi greinum ferðapjónustu á Íslandi eða um 13% af öllum starfandi og áætlað Hagstofa Íslands að nærri ein af hverjum tíu vinnustundum árið 2024 tengist ferðapjónustu (2025).

Álíka margir karlar og konur starfa í ferðapjónustu og þó að nýlegar tölur skorti um aldursdreifingu má áætla að hlutföll hafi ekki breyst mikið frá árunum 2016-17 þegar rúmur þriðjungur starfsfólks var 24 ára eða yngri (Íris Hrund Halldórsdóttir, 2019). Á árunum 2008 til 2024 fjölgaði störfum í ferðapjónustu um 127% miðað við 24% í öðrum geirum atvinnulífsins. Hlutfall starfsfólks með erlendan bakgrunn af fjölda starfandi samkvæmt skráum í einkennandi greinum ferðapjónustu nam 45% árið 2024 (Hagstofa Íslands, 2025b)

Árstíðarsveifla hefur löngum einkennt ferðapjónustu á landinu. Hún hefur þó minnkað mikið á Suðvestur- og Suðurlandi en annars staðar á landinu er hún mun skarpari (Þórhallsdóttir, o.fl., 2024). Flest fyrirtæki í ferðapjónustu eru smá og jafnvel örsjá en 88% fyrirtækja í einkennandi greinum ferðapjónustu höfðu færri en 10 starfsmenn árið 2022 (Hagstofa Íslands, 2025c).

Yfirsýn yfir formlegt nám sem tengist ferðapjónustu

Kortlagning á námsframboði leiðir í ljós að í raun er allnokkuð framboð til staðar af námi á sviði ferðamála. Það er hins vegar dreift og brotkennt hvort sem horft er til efnislegra áherslna eða skipulags og tenginga milli námsstiga eða hæfniprepa. Hæfniramma um íslenska menntun skiptist í sjö þrep sem vísa til níu stiga. Þrep 5 og 6 skiptast hvort um sig í tvennt. Þrep 1-3 vísar til námsloka á framhaldsskólastigi. Þrep 4 er millistig milli framhaldsskóla og háskóla² og námsframboð á þrepi 5.1 til 7 er að finna innan háskólakerfisins (Mynd 1).

² Stundum hefur verið vísað til fjórða þrepsins sem fagháskólaþreps. Það er villandi að líta svo á enda starfa fagháskólar á þrepum 4-6 víða um lönd.

Íslensk hæfniprep (ISQF)	Lýsing á hæfni	Dæmi um námslok	Evrópsk hæfniprep (EQF)
7	<ul style="list-style-type: none"> Hefur yfirlit yfir kenningar, rannsóknir og nýjustu þekkingu innan síns sviðs. Getur framkvæmt og leitt rannsóknir af öryggi með þróun nýrrar þekkingar að leiðarljósi. Getur sýnt sjálfstæði og frumkvæði og borið ábyrgð á flókinni fræðilegri vinnu og miðlað henni til annarra. 	Doktorspróf	8
6.2	<ul style="list-style-type: none"> Hefur aflað sér þekkingar með rannsóknum og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi. Getur skilið flókin viðfangsefni og beitt viðeigandi aðferðum við framkvæmd smærra rannsóknarverkefna. Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, metið þá aðferðafræði sem við á, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna. 	Meistarapróf	7
6.1	<ul style="list-style-type: none"> þekkir og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi. Getur beitt aðferðum fræði-/starfsgreinar til að setja fram, þróa og leysa verkefni. Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna. 	Viðbótapróf á meistarastigi	
5.2	<ul style="list-style-type: none"> Hefur skilning og innsæi á helstu fræðilegu hugtökum og kenningum og hefur vitneskju um nýjustu þekkingu á völdu sviði. Getur beitt gagnrýnum aðferðum fræði-/starfsgreinar við úrlausn verkefna og lagt á þær sjálfstætt mat. Getur unnið sjálfstætt og skipulega, gert og fylgt áætlunum og leitt verkhöpa. 	Bakkalápróf	6
5.1	<ul style="list-style-type: none"> Hefur þekkingu á völdum kenningum og fræðilegum hugtökum og þekkir stöðu viðkomandi sviðs í viðara samhengi. Getur undirbúið og framkvæmt verkefni og nýtt þá tækni sem notuð er í viðkomandi fræði-/starfsgrein. Getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og unnið með öðrum að úrlausn verkefna. 	Diplómapróf	
4	<ul style="list-style-type: none"> Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist við leiðsögn og stjórnun í starfi og/eða til undirbúnings náms. Getur skipulagt vinnuferli, beitt viðeigandi tækni og þróað starfsaðferðir á ábyrgan hátt. Getur leiðbeint og veitt faglega hjálfnun, metið eigið vinnuframlag og annarra og borið ábyrgð á hagnýtingu starfsgreinar í þverfaglegu samstarfi. 	Viðbótarnám við framhaldsskóla (a)	5
3	<ul style="list-style-type: none"> Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms. Getur skipulagt og metið eigin störf, sýnt fagmennsku og frumkvæði. Getur nýtt sérhæfða þekkingu til umbóta, veitt fagleg ráð og tekið þátt í þverfaglegu samstarfi. 	Stúdentspróf, próf til starfsréttinda (b), önnur lokapróf (c), aðfararnám að háskólanámi	4
2	<ul style="list-style-type: none"> Hefur þekkingu á verkefnum og hugtökum sem nýtast í námi og/eða starfi. Getur beitt viðeigandi faglegum aðferðum, verkefnum og upplýsingum við lausn viðfangsefna. Getur starfað með öðrum, tekið frumkvæði í samskiptum og borið ábyrgð á skilgreindum verkþáttum. 	Framhaldsskólapróf, próf til starfsréttinda (d), önnur lokapróf (e)	3
1	<ul style="list-style-type: none"> Hefur grunnþekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms. Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr einföldum upplýsingum í námi og/eða starfi. Getur unnið undir leiðsögn annarra en með nokkru sjálfstæði í almörkuðum verkefnum. 	Framhaldsskólapróf, önnur lokapróf (f), námslok úr grunnskóla	1 og 2

Dæmi: a) lönmeistari. b) Húsasmiður, sjúkraliði. c) Garðyrkjufræðingur, tækniteiknari. d) Vélstjóri með A-réttindi. e) Fristundaleiðbeinandi, kjótskurðarmaður. f) Skólaláði.

Mynd 1. Hæfniramma um íslenska menntun

Allt formlegt nám er flokkað inn á þrep í íslenska hæfniramma (ISQF) sem hefur beina tengingu við Evrópska hæfnirammann (EQF).

Markmið hæfniramma um íslenska menntun er að auka gagnsæi innan íslenska menntakerfisins, mynda brýr milli formlegs og óformlegs náms og auðvelda samanburð við menntakerfi annarra Evrópulanda. Mismunandi námslok eru tengd við hæfniprep og þannig varpar hæfniramminn ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu námi. Hann getur þannig auðveldað samanburð, gagnsæi og hreyfanleika á milli menntakerfa og landa (Stjórnarráð Íslands, 2025, án bls.).

Segja má að ramminn stýri umferð nemenda í gegnum menntakerfið á þann hátt að námslok af einu þrepi veita möguleika á áframhaldandi námi. Námslok í grunnskóla flokkast á fyrsta hæfniprepi.

Námslok úr framhaldsskóla

Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru mismunandi námslok skilgreind. Hér fyrir neðan er úrdráttur úr texta um námslok. Mikilvægt er ef stjórnvöld (ráðuneyti málaflokks) hafa í hyggju að krefjast starfsréttinda til að sinna ákveðnum störfum, taki hönnun náms og námslok mið af því.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er að finna skilgreiningar á námslokum í framhaldsskólum. Viðfangsefni námsins getur flokkast sem starfsnám, listnám eða bóknám.

Próf til starfsréttinda eru skilgreind sem námslok af námsbraut sem veitir löggilt starfsréttindi eða veitir nemendum heimild til að þreyta sveinspróf í löggiltri iðngrein. Þessi námslok geta verið skilgreind á hæfniprep tvö, þrjú eða fjögur. Umfang náms er mismunandi eftir því hvaða hæfniprepi námslokin tengjast.

Stúdentspróf miðar að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlendis og erlendis. Námsstími til stúdentsprófs getur verið breytilegur milli námsbrauta og skóla en framlag nemenda skal þó aldrei vera minna en 200 framhaldsskólaeiningar (fein). Uppistaða námsins getur falið í sér bóknám, listnám eða starfsnám.

Önnur lokapróf. Námslok af námsbrautum sem ekki lýkur með stúdentsprófi, prófi til starfsréttinda eða framhaldsskólaprófi flokkast sem önnur lokapróf. Þarna er um að ræða margs konar námsbrautir sem ýmist eru skilgreindar á hæfniprep eitt, tvö eða þrjú. Hæfniviðmið námsbrautanna segja til um sérhæfingu sem getur fallið undir starfsnám.

Viðbótarnám við framhaldsskóla felur í sér námslok af námsbrautum sem framhaldsskólar eða aðrir fræðsluaðilar sem fengið hafa viðurkennda námskrá bjóða upp á sem framhald af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Viðbótarnám við framhaldsskóla er skilgreint á framhaldsskólastigi og skal námið skilgreint í framhaldsskólaeiningum. Inntak viðbótarnámsins er breytilegt eftir lokamarkmiðum. Það beinist að aukinni faglegri sérhæfingu, stjórnun og þróun á starfsvettvangi.

Framhaldsfræðslukerfið

Námslok eru ekki skilgreind innan framhaldsfræðslu. Með skilgreindum námslokum í því kerfi myndi það auðvelda viðurkenningu náms bæði á vinnumarkaði og milli skólakerfa

Núverandi framboð á námi sem tengist ferðapjónustu

Á mynd 2 er formlegu námi sem tengist ferðapjónustu varpað á íslenska hæfnirammann. Forsenda er að námið sé í boði innan formlega skólakerfisins, staðfest námskrá sé til staðar og að námið sé flokkað á þrep samkvæmt íslenska hæfniramma. Ekki er sjálfgefið að námið sé í boði þrátt fyrir að námskrár séu til staðar.

	Ferðapjónusta Bóklegt nám	Ferðapjónusta Starfsnám	Nám tengt ferðapjónustu
Hæfniprep 1			
Hæfniprep 2	Ferðapjónusta I 5 ein Ferðapjónusta II 5 ein	Móttaka-gisting 6,5 e Laugar – Lón 90 e Móttaka 90 ein Hestaliðabraut 120 e	Veitingar 6,5 ein Veitingar 90 ein Matsveinn 120
Hæfniprep 3			Matartækni 120 ein Matreiðsla 290 ein Framreiðsla 220 ein
Hæfniprep 4		Leiðsögunám MK Fjallamennska	Meistaránám 35 ein
Hæfniprep 5.1	Diplómanám í viðburðastjórnun HH Diplómanám í ferðamálafræði HH	Leiðsögunám EHÍ, örnám HÍ	
Hæfniprep 5.2	Ferðamatarræði BA HH Ábyrg stjórnun viðburða og ferðapjónustu HH Ferðamálafræði BS HÍ		
Hæfniprep 6,2	Ferðamatarræði 120 HH/HÍ		
Hæfniprep 7	Doktorsnám HÍ		

Mynd 2. Framboð á námi tengdu ferðapjónustu innan formlega skólakerfisins (framhaldsfræðslu, framhaldsskóla og háskóla)

Þrep 2-4

Nám á þrepum 2-4 er að miklu leyti starfstengt. Hér má nefna námsleiðir í matreiðslu, matartækni og framreiðslu sem eru í boði í tveim framhaldsskólum, Menntaskólanum í Kópavogi og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Námið er þrepaskipt og leiðir til útskriftar með sveinsprófi og í kjölfarið geta nemendur tekið meistaráttindi með námslokum á þrepi 4. Vert er að vekja athygli á að nokkur munur er á einingafjölda náms tengdum ferðþjónustu.

Lítið framboð er af þjónustutengdu námi á þessum þrepum. Það er einna helst að finna innan framhaldsfræðslunnar. Tvær 5 eininga námskrár, Ferðþjónusta 1 og 2, hafa verið í boði og eins hafa þrjár 90 eininga námskrár á sviði þjónustu (Böð, lindir og lón, Móttaka, Veitingar) fengið staðfestingu á þrepi 2. Borgarholtsskóli er með sambærilega námskrá í ferðþjónustu í staðfestingarferli.

Ekki er útilokað að einstakir áfangar séu til staðar í einhverjum framhaldsskólum sem snerta ferðþjónustu en eins og staðan er nú þá er hvergi að finna staðfesta námsbraut, t.a.m. til stúdentsprófs sem leggur áherslu á ferðþjónustu.

Þrep 5-7

Námsframboð á háskólastigi (þrep 5.1-7) er umtalsvert. Háskólinn á Hólum og Háskóli Íslands bjóða báðir upp á grunnám og meistaranám í ferðamálafræði með tilteknum kjörsviðum og í þeim síðarnefnda er einnig hægt að leggja stund á doktorsnám í ferðamálafræði. Innan ferðamáladeildar Háskólans á Hólum er einnig boðið upp á grunndiplómanám í ferðamálafræði og í viðburðastjórnun. Þar er enn fremur boðið upp á námslínu til BA-prófs sem ber heitið *Stjórnun ferðþjónustu og móttaka gesta* sem leggur áherslu á hagnýta nálgun að ferðþjónustu. Við Háskóla Íslands er einnig boðið upp á meistaranám í þjónustustjórnun sem hefur skýra tengingu við ferðþjónustu og einnig má nefna kjörsvið í ferðamálafræði norðurslóða sem unnið er í samstarfi við sex erlenda háskóla undir hatti Háskóla Norðurslóða.

Nemendur sem ljúka grunnnámi í ferðamálafræði við báða skólana geta sótt um viðurkenningu á landvarðarréttindum. Námsbraut í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands býður enn fremur upp á örnám í leiðsögn sem er staflanlegt upp í BS-gráðu í ferðamálafræði. Ný meistaranámslína í sjálfbærri byggðafræði sem unnin er í samstarfi skólanna og fleiri hefur allnokkra tengingu við ferðamál.

Framboð á ferðamátatengdu námi er minna við aðra háskóla og einskorðast við einstök námskeið.

Rýni

Ein helsta niðurstaða skýrslunnar Hæfni er grunnur að gæðum (Hæfnisetur ferðapjónustunnar, 2020) var að:

[Þ]örf [er] fyrir verklega færni með áherslu á þjónustu. Framboð á viðurkenndu og hagnýtu starfsnámi í ferðapjónustu, sem fer fram á vinnustað og í skóla og á skýra tilvísun í störf, þarf að aukast til muna. Leiðarljós í uppbyggingu náms verði á þarfir nemanda og atvinnulífs og nám byggist á hæfniramma um íslenska menntun; verði þrepaskipt, hagnýtt og aðgengilegt. (bls. 11).

Í ljósi þessa dregur sú mynd sem teiknast upp af ferðamálatengdu námi (Mynd 2) skýrt fram þrjár megináskoranir: 1) efnislegar áherslur, 2) tengingar og flæði milli þrepa og 3) aðgengi ólíkra markhópa nemenda að námi við hæfi.

Efnislegar áherslur

Skortur er á þjónustutengdu námi á þrepum 2-3.

Ekki hafa verið þróaðar námskrár sem nemendur geta tekið og öðlast viðurkennda færni sem hefur gildi á vinnumarkaði á svipaðan hátt og þekkist í starfsnámsgreinum. Þær námskrár sem tengjast ferðapjónustu sem hafa verið þróaðar innan framhaldsfræðslunnar hafa ekki beina tengingu við nám í framhaldsskólum.

Staðan er því sú að þjónustutengt nám er aðeins í boði á háskólastigi. Þær námsleiðir sem boðið er upp á við Háskólann á Hólum hafa skýra starfstengingu, t.d. í formi starfsþjálfunar. Starfsþróun er einnig hluti af skyldunámskeiðum í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og boðið er upp á starfsþjálfun hjá fyrirtækjum sem valnámskeið (6 ECTS 150 klst.). Heilt yfir er grunnnám á háskólastigi þó fyrst og fremst bóklegt og starfsþjálfun er ekki í boði sem hluti af meistaranámi á háskólastigi.

Á síðustu árum hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins framkvæmt hæfnigreiningar á störfum í ferðapjónustu í samstarfi við ýmsa aðila, jafnt fræðsluaðila og fyrirtæki. Þau störf sem hafa verið hæfnigreind eru flest á hæfniprepum 2 til 5.

Tengingar og flæði milli þrepa

Veitingagreinar í ferðapjónustu, framreiðsla og matreiðsla, eru þrepaskiptar. Nemendur geta hafið nám og lokið tilteknum þrepum og leið þeirra sem vilja ljúka meistaranámi er skýr. Annað nám í ferðapjónustu er ekki þrepaskipt með þessum hætti og raunar er einkennandi fyrir íslenska menntakerfið að langflestir nemendur sem fara í framhaldsskóla ljúka námi á 3. þrepi.

Sú staðreynd að ekki er boðið upp á þjónustutengt ferðamálanám á þrepum 2-3 gerir það að verkum að háskólanám í ferðamálafræði er nokkurs konar eyland þar sem ekki er

eðlilegur stígandi í þjónustutengdu námi; námi sem tengist flestum störfum atvinnugreinarinnar.

Þegar komið er upp á háskólastig eru leiðir nemenda skýrar frá grunnnámi, í meistaranám og doktorsnám. Nám á háskólastigi er sjaldnast tengt einstökum störfum en undirbýr nemendur til að vinna að rekstri, stjórnun, nýsköpun og þróun ferðapjónustu. Gera má ráð fyrir því að nemendur sem ljúka háskólanámi byrji í störfum sem krefjast hæfni sem liggur frekar á 3. og 4. þrepi en þeim þrepum sem háskólanám er staðsett á, en vinni sig svo upp innan fyrirtækja og stofnana í störf sem krefjast meira sjálfstæðis og ábyrgðar.

Fjórða þrep íslenska hæfnirammans er einnig eyland. Námsframboð á þessu þrepi hefur verið takmarkað, þrátt fyrir að mörg störf krefjist hæfni sem raðast á þetta þrep eins og áður segir. Leiðsögunám sem kennt hefur verið við Menntaskólann í Kópavogi hefur námslok á 4. þrepi og eins er nýlega staðfest námskrá í fjallamenskunámi hjá Fjallaskóla Íslands á 4. þrepi. Námslok á 4. þrepi eru ekki aðgangsgefandi eins og námslok á 3. þrepi en hægt er að meta nám af þrepinu til eininga á háskólastigi á grundvelli samninga milli skóla.

Aðgengi ólíkra markhópa að námi við hæfi

Í anda þess að hæfni sé grunnur að gæðum er mikilvægt að til staðar sé nám og fræðslutilboð sem þjóna ólíkum hópum nemenda. Mikilvægt er að taka tillit til ólíkrar stöðu fólks og þarfa þess þegar nám er hannað og námsframboð ákveðið. Í grundvallaratriðum má skipta markhópi fyrir ferðamátatengt nám í tvennt. Annars vegar er um að ræða ungt fólk í eða á leið í framhaldsskóla sem er að velja sér starfsvettvang eða námsleið til undirbúnings háskólanámi.

Hins vegar er hópur fólks sem er nú þegar á vinnumarkaði sem innbyrðis er mjög fjölbreyttur. Í þessum hópum eru einstaklingar sem starfa við ferðapjónustu og hafa tileinkað sér reynslu og þekkingu á sviðinu en vilja byggja upp hæfni sína og efla stöðu sína á vinnumarkaði sem og einstaklingar sem hafa hug á að skipta um starfsvettvang.

Aðgengi að námi á þrepum 2-4 fyrir fólk sem kemur ekki beint úr grunnskóla er takmarkað þar sem nemendur á framhaldsskólaaldri ganga fyrir við úthlutun námspláss. Einhver hluti þessa hóps hefur lokið námi í formlega kerfinu.³ Þau sem ekki hafa námslok í formlega kerfinu geta nýtt sér þjónustu framhaldsfræðslukerfisins.

Nám á þrepum 2-4 er að mestu staðnám og fer fram á íslensku. Innan framhaldsfræðslukerfisins hefur verið þróað raunfærnimat á mótum ferðapjónustutengdum greinum s.s. framreiðslu, matsveinum og störfum í

³ Fólk sem hefur lokið námi í formlega kerfinu getur sótt nám innan framhaldsfræðslunnar en fær það ekki niðurgreitt.

veitingasölum og móttöku. Verið er að vinna að raunfærnimati á móti fyrrnefndum 90 eininga námskrám (Böð, lindir og lón; Móttaka og Veitingar).

Til að hefja nám á háskólastigi á Íslandi (þrep 5.1) þarf nemandi að hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Önnur lokapróf á þriðja hæfniprepi, s.s. úr starfsnámi, teljast einnig sambærileg stúdentsprófi bæði aðgangsgefandi og á sama hæfniprepi (Stjórnartíðindi B, 2022). Grunnám á háskólastigi fer fram á íslensku en meistaranám er í boði á ensku. Raunfærnimat hefur ekki verið próað fyrir nám í ferðamálafræði á háskólastigi.

Háskólinn á Hólum hefur boðið upp á nám sitt í fjarnámi en við Háskóla Íslands er boðið upp á staðnám. Aðsókn að náminu hefur minnkað á undanförunum árum eftir að hafa náð hámarki á árunum 2014-2016. Haustið 2025 stundaði samtals 101 nemandi grunnám á háskólastigi í ferðamálafræði og 17 voru skráðir í meistaranám í ferðamálafræði. Sjö nemendur hafa lokið doktorsprófi í ferðamálafræði, þar af fimm frá maí 2024.

Þróun og uppbygging náms

Áframhaldandi þróun og uppbygging náms tekur til kerfislegra þátta annars vegar og efnislegra þátta hins vegar. Í öllum tilvikum þarf hún að taka mið af einkennum væntanlegs nemendahóps. Í þessum hluta er gerð grein fyrir forsendum fyrir tillögum starfshópanna um þróun og uppbyggingu náms á sviði ferðaþjónustu. Því næst er fjallað sérstaklega um alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðaþjónustu og hvernig það getur verið byggt upp skv. þeim forsendum sem lýst er hér og í lokahluta skýrslunnar eru settar fram tillögur að aðgerðum.

Eins og áður er nefnt má skipta markhópi náms í ferðaþjónustu gróflega í tvennt. Fyrir ungt fólk sem er í eða að hefja framhaldsskólagöngu sína skiptir máli að námið tengist öðru bóklegu og verklegu námi, til dæmis að hægt sé að bæta við einingum til stúdentsprófs eða að í bóklegu námi sé skýr tenging við starfsvettvang.

Ýmsir þættir skipta máli þegar kemur að vali á námi en eftirfarandi eru lykilatriði:

- Aðgengilegar upplýsingar sem höfða til hópsins
- Sýnileiki fyrirmýnda og heimsóknir í fyrirtæki
- Tækifæri til að prófa, reyna og upplifa
- Gildi niðurstaðna til frekara náms

Annar hluti markhópsins er fólk sem er þegar starfandi í ferðaþjónustu sem og einstaklingar sem vilja skipta um starfsvettvang. Hér er um að ræða fullorðið fólk og val þess á námi markast ekki síst af:

- Tækifærum til þess að stunda nám með vinnu
- Möguleikum á að meta þekkingu og reynslu sem aflað hefur verið inni í náminu (raunfærnimat)
- Gildi niðurstaðna til starfsþróunar og launa
- Gildi niðurstaðna til frekara náms
- Möguleikum á námslánnum eða námsstyrkjum
- Aðgengi að námi með tilliti til tungumálakunnáttu

Kerfi og formgerð

Tryggja þarf þrepaskiptingu náms. Í ferðamátatengdum greinum væri hægt að setja upp nám með þeim hætti að í upphafi væru nemendur í skyldum greinum að taka sömu grunnnámskeið en þau myndu svo velja sér tiltekna sérhæfingu.

Skýra þarf tengsl framhaldsfræðslu og framhaldsskóla. Skoða ætti möguleika á því að skilgreina námslok í framhaldsfræðslukerfinu en það mundi auðvelda flæði fólks milli kerfa og bæta möguleika fólks til hæfniuppbyggingar (e. up-/re- skill).

Skýra þarf stöðu náms á 4. þrepi. Eins og staðan er nú er það á valdi skóla að skapa brýr af fjórða þrepi á síðari þrep. Þróa þarf raunfærnimat á ólíkum þrepum.

Efnislegar áherslur

Stofna þarf námsleiðir á þrepi 2 og 3 á sviði ferðaþjónustu.

- 1) Stúdentsprófsbrautir sem eru svipaðar og þekkist á mörgum sviðum, þar sem áhersla er lögð á tiltekið sérsvið, t.d. rekstur, viðskipti, fjölmenningsfærni, þjónustu- og viðburðastjórnun, tækni og skapandi greinar.
- 2) Starfsnámsbrautir, t.d. á sviði gestamóttöku, ferðahönnunar og afþreyingar með námslok skilgreind sem „önnur lokapróf“ .
- 3) Byggja þarf upp námsúrræði fyrir fólk sem hefur ekki íslensku sem móðurmál.

Framtíðarsýn um nám sem tengist ferðapjónustu

Á síðustu árum hafa litlar breytingar orðið á framboði á námi sem tengist ferðapjónustu. Það er helst á sviði framhaldsfræðslu og á háskólastigi sem námskrár hafa verið mótaðar. Niðurstaða skýrslunnar *Hæfni er grunnur að gæðum* um þrepaskipt hagnýtt starfsnám og mikilvægi þess að ryðja úr vegi hindrunum fyrir flæði nemenda milli skólastiga hefur mætt velvilja stjórnvalda og annarra hagaðila en skort hefur á frumkvæði og framkvæmdir. Staðan á framhaldsskólastigi (2. og 3. þrepi) er að mestu óbreytt frá útkomu skýrslunnar. Á mynd 3 hér að neðan er sett fram einföld framtíðarsýn að uppbyggingu náms í ferðapjónustu. Ef ákvörðun verður tekin um að byggja upp nám í ferðapjónustu í samræmi við þá heildarmynd sem hér er sett fram er mikilvægt að fyrir liggi hvort stjórnvöld munu styðja við þá uppbyggingu og með hvaða hætti. Það felst ávallt nokkur kostnaður og áhætta í því að setja á stofn nýja námsleið, sama á hvaða þrepi hún er. Eins og staðan er nú er það frumkvæðisverkefni skóla að leggja til og fjármagna vinnu að nýju námi og í reynd þýðir það að þeir þurfa þá að minnka umfang eða fella niður annað nám. Án aðkomu stjórnvalda er líklegt að litlar breytingar verði á námsframboði.

Samhliða því er mikilvægt að tryggja stuðning og aðkomu atvinnulífs við uppbyggingu og varanleika námsúrreða á sviði ferðapjónustu. Slíkur stuðningur þarf m.a. að felast í:

- Aðkomu og stuðningi við greiningu á þörfum og hæfnikröfum starfa í ferðapjónustu
- Tryggja að starfsþjálfun geti farið fram á vinnustöðum og sé fagleg og markviss
- Taka þátt í markaðssetningu á námi
- Létta þeim sem þegar eru starfandi að sækja nám
- Að kjarasamningar taki mið af því námsframboði sem er til staðar þannig að þekking og færni sé metin til launa

Framtíðarsýn um uppbyggingu á ferðapjónustutengdu námi

Á mynd 3 er sett fram framtíðarsýn um uppbyggingu á námi í ferðapjónustu. Forsenda sem lögð er til grundvallar er að námið sé innan formlega skólakerfisins, staðfest námskrá sé til staðar og námið sé flokkað á þrep samkvæmt íslenska hæfniramma. Áhersla er á að nám, áfangar og námskeið nýtist sem mest milli námsbrauta. Þetta á við um öll hæfniprep.

	Ferðapjónusta Bóklegt nám	Ferðapjónusta Starfsnám	Nám tengt ferðapjónustu
Hæfniprep 2	Ferðamálabraut	Þjónustubraut Afpreyingarbraut Grunnar - inngangur að sérhæfingum	Veitingar Þjónusta Matvæli
Hæfniprep 3	Ferðamálabraut Ferðapjónusta Tungumál Rekstur	Afpreyingarbrautir Þjónustubrautir Sérhæfingar	Veitingar Framreiðsla Matreiðsla
Hæfniprep 4		Starfstengt diplómanám Markaður - Skipulag - Framkvæmd - Rekstur	Meistaránám
Hæfniprep 5.1 Hæfniprep 5.2	Ferðamálafræði BA nám	Starfstengt örnám	
Hæfniprep 6.1 Hæfniprep 6.2	Ferðamálafræði MA nám	Starfstengt örnám	
Hæfniprep 7	Doktorsnám		

Mynd 3. Framtíðarsýn um uppbyggingu náms í ferðapjónustu og tengsl milli skólakerfa og þrepa

Alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðaþjónustu, með áherslu á sjálfbærni – Aðgerð E4

Markmið aðgerðar E4

Að Ísland verði framarlega í alþjóðlegu námi í afþreyingartengdri og nærandi ferðaþjónustu þar sem sjálfbærni-, öryggis- og gæðamál eru í forgrunni.

Stutt lýsing:

Starfshópur vinni að því að hér á landi verði boðið upp á nám í ferðaþjónustu, með alþjóðlega viðurkenndri prófgráðu, í þeim tilgangi að auka fagmennsku innan greinarinnar, ásamt því að styrkja ásýnd og ímynd íslenskrar ferðaþjónustu.

Afþreyingartengd ferðaþjónusta

Afþreying vísar til tómsunda-, útivistar-, menningar-, ævintýra- og náttúrutengdra sviða. Aðalatriðið er að afþreying snýr að upplifun fólks og virkri þátttöku sem er þó mismikil. Hvað flokkast sem afþreyingarferðaþjónusta er því að einhverju leyti afstætt. Ekki liggur fyrir greining á störfum í afþreyingarferðaþjónustu á Íslandi eða hvaða hæfnikröfur þurfa að vera fyrir hendi til að sinna þeim.

Vakinn er gæða- og umhverfisvottun fyrir ferðaþjónustu á Íslandi sem hefur verið í boði síðan 2012 og Ferðamálastofa hefur umsjón með kerfinu. Þegar skoðuð eru sértæk gæðaviðmið Vakans eru tilgreindir 30 flokkar sem flestir tengjast afþreyingu.

Taflan hér að neðan sýnir þá flokka sem tengjast afþreyingu og eru sýnilegir í Vakanum. Hún gefur vísbendingar um flokkun og umfang afþreyingarferða.

Vatn og sjór	Land og jöklar
Kajakferðir og kajakleigur	Léttar gönguferðir í þéttbýli og á láglandi
Köfun og yfirborðsköfun (snorkling)	Gönguferðir í fjalllendi og á jöklum - Vetraraðstæður
Flúðasiglingar	Gönguferðir í dreifbýli, óbyggðum og í fjalllendi - Sumaraðstæður
Náttúruskoðun á sjó og vötnum	Fjór hjóla- og buggyferðir
Sjóstangveiði	Jeppaferðir
Stangveiði	Hestaferðir og hestaleigur
Böð og heilsulindir	Vélsleðaferðir
	Hellaskoðun
	Skíðaferðir í fjalllendi
	Hjólaferðir
	Íshellaskoðun
	Gönguferðir um skriðjökla
	Skotveiði
	Náttúruskoðun á landi

Umfang afþreyingarferðaþjónustu

Samkvæmt könnun Ferðamálastofu um samsetningu ferðamanna, ferðahegðun og upplifun frá árinu 2023 sóttu:

Tegund afþreyingar	
56 % náttúruböð	24% skipulagða göngu-/fjallaferð
23 % jöklagöngu/ísklifur	20% hvalaskoðunarferð
11 % hellaskoðun	7% hestaferð
7% snjósleða/jeppaferð á jökli	4% köfun/yfirborðsköfun
1,5% flúðasiglingu/kajakferð	

Könnunin byggði á 12.000 svörum erlendra ferðamanna á 12 mánaða tímabili.
Heimild: <https://www.ferdamalastofa.is/is/rannsoknir/ferdavenjur-erlendra-ferdamanna/ferdamenn-a-islandi-2023>
Áætlaður fjöldi ferðamanna á viðmiðunarári 2023 er 2,2 milljónir.

Forsendur þess að byggja upp alþjóðlegt nám fyrir afþreyingarferðaþjónustu

Í dag er ekki framboð á námi sem tengist afþreyingarferðaþjónustu á neðri þrepum hæfnirammans (ISQF). Án þess er ólíklegt að markmið sem sett eru fram um aðgerð E4 náist. Hér eru því settar fram tillögur um nám á hæfniprepum 2 til 4/5.

Ekki liggur fyrir greining á störfum í afþreyingarferðaþjónustu eða hvaða hæfnikröfur þurfi að vera fyrir hendi til að sinna þeim.

Greining hæfnikrafna er undirstaða þess að móta starfsnám í samræmi við þarfir atvinnulífs, þ.e. að námið byggji á hæfnikröfum sem gerðar eru til viðkomandi starfa.

Til grundvallar tillögum um uppbyggingu náms fyrir afþreyingarferðaþjónustu

Uppbygging á námi í afþreyingarferðaþjónustu taki mið af vinnumarkaði og þeim störfum sem þar eru. Samhliða því verði hún raunhæf, t.d. varðandi fjölda sérhæfinga og umfang.

Hér fyrir neðan eru þau atriði sem lögð voru til grundvallar þegar tillögur um uppbyggingu náms í afþreyingarferðaþjónustu voru mótaðar.


- Námið byggji á þörfum á íslenskum vinnumarkaði
- Námið sé formlegt og hafi tengingu við íslenska hæfnirammann
- Til verði nám á 2. og 3. hæfniprepi sem veitir undirstöðu fyrir frekara nám tengt afþreyingarferðaþjónustu
- Námið veiti viðurkenningu sem hafi gildi á vinnumarkaði
- Samstarf við erlendan skóla um uppbyggingu og framkvæmd

Samhliða þessu var horft til niðurstaðna um þarfir starfgreinarinnar fyrir nám sem koma fram í skýrslunni *Hæfni er grunnur að gæðum* sem kom út 2019.

Tillaga um uppbyggingu náms í afþreyingarferðapjónustu

Byggt verði upp starfsnám í afþreyingarferðapjónustu á þrepum 2,3 og 4/5.

Námið fari fram í skóla og á vinnustað auk þess að hafa skýra tilvísun í störf.



Boðið verði upp á sérhæfingar í ákveðnum greinum afþreyingarferðapjónustu en fjöldi sérhæfinga taki mið af:

- umfangi (hve margir gestir sækja afþreyingu, fjöldi starfa)
- mikilvægi fagmennsku (öryggismál, kröfur starfa)
- möguleikum til að taka upp nám (kostnaður, þekking, hugsanlegur fjöldi)

Að loknu námi á mismunandi þrepum eiga nemendur að hafa getu til að:


Vinna á vettvangi við framkvæmd afþreyingarferða.	Bera ábyrgð á framkvæmd afþreyingarferða á sínu sérsviði.	Vinna við þróun og innleiðingu afþreyingarferða þ.m.t. gerð öryggisáætlana, sjálfbærnimarkmiða og stuðningsefnis fyrir starfsfólk á vettvangi.
Geta borið ábyrgð á skilgreindum og afmörkuðum verkefnum en ekki ferðum í heild sinni.	Stýring á starfsfólki á vettvangi sem kemur að undirbúningi og framkvæmd ferða.	Umsjón með ferðum innan fyrirtækis eða þvert á fyrirtæki
Námslok á hæfniprepi 2	Námslok á hæfniprepi 3	Námslok á hæfniprepi 4/5

Ákvörðun um fjölda sérhæfinga verði tekin út frá þarfagreiningu, sjá tillögu að aðgerðum.

Tillaga um röðun náms á þrep tekur mið af ábyrgð og sjálfstæði sem nemandi á að ráða við að loknu námi. Þessi þrepaskipting getur breyst, endanleg þrepaskipting tekur mið af hæfnigreiningum starfa sem er undirstaða fyrir námskrárrsmíði.

Eftirfarandi myndir skýra tillögur um uppbyggingu náms í afþreyingarferðapjónustu á mismunandi hæfniprepum.

Uppbygging á námi í afþreyingarferðþjónustu á prepi 2:



Að loknu námi:

Nemendur geta unnið á vettvangi við framkvæmd afþreyingarferða, geta borið ábyrgð á skilgreindum og afmörkuðum verkefnum en ekki ferðunum í heild sinni.


Uppbygging á námi í afþreyingarferðajónustu á þrepi 3:



Að loknu námi:

Nemendur geta borið ábyrgð á framkvæmd afþreyingarferða á sínu sérsviði. Stýring á öryggismálum og starfsfólki á vettvangi sem kemur að undirbúningi og framkvæmd ferða.

Uppbygging á námi í afþreyingarferðapjónustu á prepi 4/5:



Að loknu námi:

Nemendur geta unnið við þróun og innleiðingu afþreyingarferða þ.m.t. gerð öryggisáætlana, sjálfbærnimarkmiða og stuðningsefnis fyrir starfsfólk á vettvangi. Umsjón með mismunandi ferðum innan fyrirtækis eða þvert á fyrirtæki.

Alþjóðlegt nám - alþjóðlega viðurkennd prófgráða

Leitað verður eftir samstarfi um uppbyggingu og framkvæmd við erlendan skóla. Besta dæmið sem fannst í Evrópu um sambærilega uppbyggingu og hér er lögð til, var að finna í The School of Adventure Studies sem er hluti af University of the Highlands and Islands í Skotlandi (UHI).

Ástæða þess er:

- a. Samræmi er í uppbyggingu á námi hjá UHI og tillögum hópsins.
- b. Nám við skólann er þrepaskipt og fer að hluta til fram á vinnustað.
- c. Skólinn nýtur virðingar á sviði afþreyingarferðapjónustu og er með fjölda erlendra nemenda.

Hins vegar er ókostur að Bretland er ekki innan EU. Því er mikilvægt að leggjast í frekari vinnu við að finna skóla innan EU ef af uppbyggingu verður. Í fylgiskjali má einnig sjá sýnishorn af námsuppbyggingu við Arctic University of Norway og Thompson Rivers University í Kanada. *Sjá fylgiskjal 1.*

Leiðsögn, fararstjórn, hópstjórn

Eitt af því sem fjallað var um í vinnu hópsins var hvort og hvernig nám í afþreyingarferðaþjónustu gæti tengst við núverandi leiðsögunám sem er í boði á landinu.

Í skýrslu starfshóps sem skipaður var af Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu 2020 til að styrkja og efla menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna með áherslu á neytendavernd, náttúruvernd og öryggi koma fram þrjú starfsheiti. Þau eiga rætur í Evrópustaðli EN 13809:2003, og eru: leiðsögumaður (e. tourist guide), fararstjóri (tour manager) og ferðaliði, sem hér á landi er yfirleitt nefndur hópstjóri (tour escort).

- Leiðsögumaður er sá sem leiðsegir ferðamönnum á því tungumáli sem honum er falið og túlkar menningar- og náttúruminjar/arleifð tiltekins svæðis. Viðkomandi leiðsögumaður hefur að jafnaði sérþekkingu á svæðinu og er hæfni hans viðurkennd af viðeigandi yfirvöldum.
- Fararstjóri er sá sem hefur umsjón með og tryggir að dagskrá ferðarinnar standist og sé framkvæmd í samræmi við útgefna ferðaáætlun ferðaskrifstofunnar, ásamt því að veita hagnýtar upplýsingar.
- Hópstjóri er fulltrúi ferðaskrifstofu í ferð og veitir ferðamönnum hagnýta þjónustu.

Meðal tillagna þess starfshóps var að nám í sérhæfðri leiðsögn sem er í boði utan formlega skólakerfisins yrði viðurkennt með fagbréfi af t.d. Samtökum ferðaþjónustunnar og Leiðsögn-félagi leiðsögumanna. Einnig að til að öðlast fullgild réttindi sem leiðsögumaður þurfi einstaklingar sem lokið hafa sérhæfðri leiðsögn annaðhvort að hafa lokið námi í almennri leiðsögn sem uppfylli IST EN 15565:2008 staðalinn eða hafa farið í gegnum raunfærnimat.

Margir þættir í leiðsögunámi eiga erindi við nám í afþreyingarleiðsögn, s.s. miðlun fróðleiks um land og þjóð, hópstjórn, samskipti o.s.frv., en þó er afþreyingarleiðsögn eðli málsins samkvæmt ekki eins ítarleg enda öllu jafna um styttri ferðir og afmarkaðri svæði um að ræða (s.s. hellaskoðun, jöklagöngur, hestaferðir).

Það var niðurstaða E4 hópsins að hluti af þeirri vinnu sem er framundan væri að skilgreina hvernig það leiðsögunám sem er til staðar í dag og fyrirhugað alþjóðlegt nám í afþreyingarferðaþjónustu getur spilað saman með möguleikum á t.d. mati milli námsleiða og stíganda í námi.

Sú vinna mun einnig tengjast starfshópi E3 sem fjallar um menntunarkröfur vegna leiðsögumanna sem starfa í þjóðgörðum.

Áætlun um eflingu náms og aðgerðir

Mikilvægt er að ná samstöðu um heildarsýn um uppbyggingu á námi og hvernig á koma henni í framkvæmd. Þar með talið vilja og getu stjórnvalda, atvinnulífs og menntakerfa til að styðja við þá uppbyggingu.

Þvert á starfsgrein	Ábyrgð	Kostnaður	Verklok
Kynna niðurstöður og aðgerðir	Hæfnisetur ferðapjónustunnar Háskóli Íslands	0	janúar 2026
Frá skýrslu í framkvæmd - Vinnuhópur <ul style="list-style-type: none"> – Hvað er vilji til að gera – Hvað á að gera – Kostnaður og fjármögnun – Hver á að framkvæma – Hvernig festum við nám í sessi Forsenda – aðkoma ráðuneyta MMR og ATRN	Hæfnisetur ferðapjónustunnar í samstarfi við HÍ	7.500.000	september 2026
Sértækar aðgerðir	Ábyrgð	Kostnaður	Verklok
Sértækar aðgerðir snúa að grunnvinnu fyrir þær aðgerðir sem lagðar eru til í skýrslu.			
Störf í afþreyingarferðapjónustu – Yfirsýn	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	3.500.000	mars 2026
Fyrir hvaða störf á að byggja upp nám eða aðra vottun sem tengist afþreyingarferðapjónustu og hvernig á erlendri tengingu að vera háttað.			
Ferðapjónustubraut – stúdent	Unnið í samvinnu milli háskóla og framhaldskóla. HÍ eða HH leiða. Auglýst eftir framhaldsskóla til samstarfs	2.500.000	maí 2026
Byggja upp Ferðamálabraut sem valkost í námi til stúdentsprófs. Búa til dæmanámskrá með áherslu á þjónustu, tungumál og rekstur.			
Starfsnámsbrautir á þriðja þrepi	Semja við framhaldsskóla um skrif á námskrám í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	2.500.000	maí 2026
Byggja ofan á brautir sem þegar eru staðfestar eða í staðfestingarferli á þrepi 2 Laugar, lindir og lón - Móttaka ferðamanna			
Starfstengt örnám á háskólastigi	Samstarf HÍ og Hóla. Til áframhaldandi vinnu við verkefni sem hlotið hefur stuðning frá Samstarfssjóði háskóla	2.500.000	
Undirstaða til staðar, koma á framkvæmdastig			
Samtala		18.500.000	

Fylgiskjal

Sýnishorn af námsleiðum við erlenda skóla

Töflurnar hér fyrir neðan sýna námsleiðir í ævintýraleiðsögn sem boðið er uppá við 3 mismunandi skóla. Þær sýna námsþrepin skv. hæfniramma viðkomandi lands og samanburð við íslenska hæfnirammann (ISQF) og inniheldur einnig evrópska hliðstæðu - EQF rammann.

Námsleiðir í ævintýraleiðsögn við UHI -SKOTLAND

SCQF Prep	Lýsing	Lengd / Aldur	Inntökuskilyrði	ISQF prep	Íslensk námsleið	EQF prep
5	Outdoor Adventure	26 vikur / 16 ára	Eftir grunnskóla	2	framhaldsskólanám	3
6	Outdoor Activities and Leadership	34 vikur / 18 ára	Ljúka Outdoor Adventure eða sambærilegu	3	framhaldsskólanám	4
7	HNC* (t.d. Sports Coaching and Development, Equine studies)	1 ár / 18+ ára	Framhaldsskólanám/starfsnám á msskirteini eða sambærilegt	4	t.d. leiðsögunám, fjallamennska	5
8	HND** (Sports coaching and development, Activity Tourism)	2 ár / 19+ ára	HNC eða sambærilegt	4/5.1	t.d. diplóma ferðamálafræði viðburðastjórnun	5
9/10	BA Adventure Tourism Management/ Adventure Education and Outdoor Learning/Adventure Performance and Coaching/Adventure Tourism Management	3 ár / 20+ ára	Stúdentspróf eða sambærilegt	5/5.2	t.d. BA í ferðamálafræði	6
9/10	BSc Adventure Performance and Coaching	3 ár / 20+ ára	Stúdentspróf eða sambærilegt	5/5.2		6
11	PG Cert Outdoor and Adventure Therapeutic Practice	1-2 ár	BA/BS	6.1	Meistaragráða í ferðamálafræði	7

*HNC: Higher National Certificate **HND: Higher National Diploma

Viðbótarupplýsingar tengdar námsleiðunum:

- Námið er hluti af UHI kerfinu, sem er samvinnunet 10 sjálfstæðra háskóla og rannsóknarstofnana.
- Nemendur skrá sig í UHI en stunda námið í gegnum School of Adventure Studies, sem sérhæfir sig í útivist, leiðsögn, ferðamennsku og þjálfun.
- Heimild fyrir samanburði SCQF og EQF er fengin frá Scottish Qualifications Authority (SQA):
<https://www.sqa.org.uk/sqa/64561.html>

Námsleiðir í ævintýraleiðsögn við UiT -NOREGUR

Taflan hér að neðan sýnir námsleiðir í ævintýraleiðsögn sem boðið er upp á við UiT – The Arctic University of Norway.

NQF þrep	Lýsing	Lengd / Aldur	Inntökuskilyrði	ISQF þrep	Íslensk námsleið	EQF þrep
4	Arctic Nature Guide – UiT (Svalbarði)	1 ár /60 ECTS, Aldur: 18+	Framhaldsskólapróf, starfsreynsla eða þjálfun sem leiðsögumaður, kennari eða útvistarleiðbeinandi, vottuð enskukunnátta, ökuskríteini	3-4	t.d. leiðsögunám / fjallamennska	5
6	BA Arctic Outdoor Life and Nature Guiding -UiT	3 ár/180 ECTS, Aldur: 19+	Grunnreynsla í útvist, framhaldsskólapróf, enska og norska	5.2	t.d. BA í ferðamálafræði	6
7	MA Tourist Studies – UiT	2 ár /120 ECTS, Aldur: 21+		6.1	Meistaragráða í ferðamálafræði	7

*Í lok náms hægt að fá vottun sem norskur náttúruleiðsögumaður og sækja um International Mountain Leader (IML) vottun.°

Námsleiðir í ævintýraleiðsögn við TRU – KANADA

Taflan hér að neðan sýnir námsleiðir í ævintýraleiðsögn sem boðið er upp á við TRU - Thompson Rivers University.

CDQF þrep	Lýsing	Lengd / Aldur	Inntökuskilyrði	ISQF þrep	Íslensk námsleið	EQF þrep
Certificate	Adventure Guide Certificate	8 mánn / 30 einingar 18+ ára	Framhaldsskólapróf eða sambærilegt	3	t.d. leiðsögunám / fjallamennska	4
Diploma	Adventure Guide Diploma	2 ár /60 einingar 19+ ára	Adventure Guide Certificate eða sambærilegt?	4	t.d. diplóma í ferðamálafræði	5
Bachelor	Bachelor of Tourism Management – Adventure Studies Major	4 ár / 20+ ára	Stúdentspróf eða sambærilegt	5.2	Meistaragráða í ferðamálafræði	6
Bachelor	Bachelor of Interdisciplinary Studies – Adventure Studies Concentration	2 ár (eftir 60 ein.) / 20+ ára	60 háskólaeiningar	5.2	BA í ferðamálafræði	6

Heimildir

Ferðamálastofa. (2025). Mælaborð ferðapjónustunnar: Helstu hagtölur í ferðapjónustu

<https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/hagtolur>

Hagstofa Íslands. (2025a). *Framlag ferðapjónustu til hagvaxtar dróst saman árið 2024.*

<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/thjodhagsreikningar/ferdathjonustureikningar-2024/>

Hagstofa Íslands. (2025b). *Fjöldi starfandi í atvinnugreinum samkvæmt skráum eftir árum, kyni, aldri og bakgrunni 2008-2024.*

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__vinnumarkadur__vinnuaflskraargogn/VIN10030.px/

Hagstofa Íslands. (2025). *Fjöldi fyrirtækja og rekstrarupplýsingar eftir atvinnugreinum og stærð 2008-2022.*

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__fyrirtaeki__afkoma__1__afkoma/FYR08001.px/table/tableViewLayout2/

Hæfnisetur ferðapjónustunnar. (2019). *Hæfni er grunnur að gæðum: Innlegg í mótun mennta- og hæfnistefnu ferðapjónustunnar.* Hæfnisetur ferðapjónustunnar.

Íris Hrund Halldórsdóttir. (2019). *Vinnuafli í ferðapjónustu: Hvað á að rannsaka, með hvaða hætti og hvernig er staða mála á Íslandi?* <https://www.rmfi.is/static/research/files/03-2019-vinnuafli.pdf>

Land- og ferðamálafræði. (2019). *Diplómanám í ferðapjónustu – lokaskýrsla.* Háskóli Íslands.

OECD. (2024). *OECD Tourism Trends and Policies 2024.* OECD Publishing. <https://doi.org/https://doi.org/10.1787/80885d8b-en>.

Samtök ferðapjónustunnar. (2025). *Ársskýrsla 2024: Ferðapjónustuárið.*

<https://arsskyrsla2024.saf.is/ferdathjonustuarid/>

Stjórnarráð Íslands. (2023). *Yfir milljarði úthlutað til aukins samstarfs háskóla.* Af

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/01/12/Yfir-milljardi-uthlutad-til-aukins-samstarfs-haskola/>

Stjórnartíðindi B. (2022). Reglur um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands, Nr. 331.

https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_331_2022.pdf

Pórhallsdóttir, G., Ólafsson, R., Jóhannesson, G. T., Árnason, T., & Gudmundsson, R. (2024). Mobility Patterns and Sustainable Tourism: Planning and Managing Tourism in Iceland. *Journal of Arctic Tourism*, 2, 15-36. <https://doi.org/https://doi.org/10.33112/arctour.2.2>